



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

**Ársskýrsla
Menntaskóla Borgarfjarðar
árið 2019**

Inngangur

Í ársskýrslu Menntaskóla Borgarfjarðar (MB) er farið yfir helstu þætti skólstarfs á liðnu ári. Skólaárið 2019 gekk vel. Eins og kom fram í ársskýrslu 2018 þá var í október það ár haldinn stefnudagur í skólanum þar sem hagsmunaaðilar skólans, nemendur, starfsfólk, stjórn og aðrir áhugasamir komu saman og rýndu í markmið, framtíðarsýn og stefnu skólans. Á árinu 2019 hefur innleiðing þeirra þátta sem þar komu fram verið unnin. Erlent samstarf er í hávegum haft í MB og hófst nýtt verkefni árið 2019 en í því taka þátt skólar frá fimm löndum. Vel var haldið utan um gæðastarf MB og haldið var áfram með gæðagreina og aðra verkferla í kringum gæðastarf skólans og málefnum fylgt eftir. Hér á eftir verður nánar gert grein fyrir framvindu skólstarfsins.

Áherslur og meginvið

Eins og áður hefur komið fram þá var í kjölfar stefnumótunar árið 2018 unnið með sérstöðu Menntaskóla Borgarfjarðar sérstaklega og skerpt á mikilvægum þáttum. Það sem Menntaskóli Borgarfjarðar telur sig hafa sérstöðu í og leitast við að viðhafa er að leggja áherslu á jákvæðan lífsstíl og andlegt heilbrigði með persónulegri þjónustu við nemendur. Að skipulag náms sé fjölbreytt, einstaklingsbundið og sveigjanlegt. Að bjóða uppá námsbrautina Náttúrufræðibraut – búfræðisvið í samstarfi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Að vera í nánun samstarfi við fyrirtæki og stofnanir í nærumhverfi sínu m.a. í gegnum Hugheima nýsköpunar- og frumkvöðlasetur. Að vera í fararbroddi hvað varðar námsmat og endurgjöf til nemenda og að nemendur vinni lokaverkefni út frá áhugasviði og geti skilað vinnu sinni með fjölbreyttum hætti. Formleg annarpróf eru ekki til staðar. Leiðsagnarmat er notað við námsmat í öllum áföngum. Nemendur fá endurgjöf á nám og vinnu á fimm vikna fresti á svokölluðum vörðum. Einkunnarorð MB eru; Sjálfstæði – Færni – Framfarir og kristallast viðhorf vinnunnar í skólanum í þessum kjörorðum. MB leggur áherslu á að efla sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun meðal nemenda og þeir markvisst þjálfadur í þekkingarleit og þannig efla nemendur sem einstaklinga.

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna

Menntaskóli Borgarfjarðar er með samning við Borgarbyggð um leigu á 1890 fm húsnæði í Hjálmakletti að Borgarbraut 54, 310 Borgarnesi. Aðstaða skólans nær yfir átta kennslustofur, stjórnunarrými, aðstöðu fyrir kennara, mötuneyti, opin rými og félagsaðstöðu fyrir nemendur. Skólinn hefur aðgang að tónlistar- og ráðstefnusal Borgarbyggðar í sama húsnæði. Íþróttakennsla fer fram í íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi.

Nemendur

Á vorönn 2019 voru 126 nemendur, 68 drengir og 58 stúlkur. Á haustönn 2018 innrituðust 124 nemendur, 66 drengir og 58 stúlkur. Meðaltalsfjöldi nemenda á vorönn og haustönn var því 125.

Tafla 1 Fjöldi nemenda eftir kyni

	Vorönn 2019	Haustönn 2019
Fjöldi nemenda	126	124
Stúlkur	58 (46%)	58 (47%)
Drengir	68 (54%)	66 (53%)

Tafla 2 og 3 sýna hvernig nemendur skiptust eftir búsetu og aldri á vor- og haustönn. Flestir nemendur skólans koma úr Borgarbyggð.

Tafla 2 Búseta nemenda

Lögheimili	Vorönn 2019	Haustönn 2019
Borgarbyggð	65%	64%
Vesturland	7%	7%
Utan Vesturlands	28%	29%

Tafla 3 Aldur nemenda

Fæðingarár	Vorönn 2019	Haustönn 2019
2004		2%
2003	3%	32%
2002	24%	17%
2001	24%	22%
2000	21%	10%
1999	13%	6%
1998	2%	4%
Fyrir 1998	13%	7%

Brottfall MB er skilgreint sem það hlutfall nemenda sem hefur nám við skólann í upphafi annar og hættil áður en önn lýkur. Brottfall nemenda skólaárið 2019 var 3,2%. Nýtingarhlutfall hópa miðað við 25 nemendur í bóklegum greinum og 15 í list- og tölvugreinum var 54% að vori en 69% að hausti.

Námsframboð og skipting nemenda á brautir er sett fram í töflu 4.

Tafla 4 Námsframboð og skipting nemenda á brautir

Námsframboð	Skipting á brautir á vorönn 2019	Skipting nemenda á brautir á haustönn 2019
Félagsfræðabraut	32	28
Íþróttabraut – félagsfræðasvið	6	18
Náttúrufræðibraut	18	18
Íþróttabraut – náttúrufræðisvið	7	7
Náttúrufræðibraut-búfræðisvið	11	12
Framhaldsskólabraut	7	9
Starfsbraut	5	4
Grunnskólabraut	3	2
Opin braut	36	25
Viðbótarnám til stúdentsprófs	1	1
Alls	126	124

Starfsfólk

Við skólann störfuðu að meðaltali 21 starfsmaður í 17,1 stöðugildum. Við skólann starfa skólameistari, aðstoðarskólameistari, kennarar, fjármálastjóri, umsjónarmaður starfsbrautar, stuðningsfulltrúi, félagsmálafulltrúi, námsráðgjafi, skólafulltrúi, matráður og ræstitæknir. Nokkrar breytingar urðu í starfsmannahópnum. Frá hausti var ráðinn inn stuðningsfulltrúi á starfsbraut og nokkrar breytingar urðu á kennurum. Aðstoðarskólameistari var námsleyfi á vorönn og afleysing fengin í hans stað. Einstaka stundakennarar störfuðu við MB á árinu. Tveir kennaranemar voru í vettvangsnámi í MB á árinu 2019.

Tafla 5 Skipting kennarahópsins eftir aldri, kyni og starfshlutfalli árið 2019

Aldur í árum	í Fullu starfi		Í hlutastarfi	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
20-29	1			1
30-39	1		1	1
40-49	2	1	1	1
50-59		2	1	3
60-69			1	2
Samtals	4	3	4	8

Tafla 6 Menntun kennara

Menntun kennara	Fjöldi
PhD próf	2
MA/MSc/MEd	6
BA/BSc/BEd	9

Framkvæmd markmiða

Helstu markmið skólasamnings

Unnið var að Framhaldsskólabraut sem fékkst samþykkt hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Ávallt er leitast við að efla gæði kennslu í MB með að styrkja þekkingu kennara í formi fyrirlestra og endurmenntunar. Árangur í skólastarfi var áfram mældur með kennslumati og með gæðagreinum. Skólinn fór í ytra mat árið 2017 og unnið var að umbótum í kjölfar þeirrar úttektar árið 2019. Í upphafi árs 2020 var lagt til að umbótum væri lokið og fékkst það samþykkt af hálfu ráðuneytis. Haldið var áfram með vinnu varðandi skólaþróun og að marka sérstöðu MB sem var sérstaklega tekin fyrir á stefnumótunardegi 23. október 2018. Farið var yfir stefnu skólans, skólaráð var virkjað og stofnuð var sjálfsmatsnefnd. Skólapúlsinn var tekinn upp og kom til framkvæmdar. Heilt yfir kom skólapúlsinn mjög vel út

Nemendagarðar

Rekstur nemendagarða gekk með ágætum. Nýting Nemendagarða var 75% á vorönn og 40% á haustönn. Húsnæðið var leigt út til ferðapjónustuaðila yfir sumartímenn þannig að leigutekjur dattu ekki niður.

Kennsluhættir og námsmat

Kennsla var með hefðbundnum hætti á árinu 2019. Kennarar skólans eru vel menntaðir og fastráðnir kennarar eru allir réttindakennarar.

Skólinn býður upp á nám á fjórum brautum til stúdentsprófs, náttúrufræðibraut, félagsfræðabraut, íþróttfræðibraut og opinni braut. Nemendur geta svo valið um félagsfræðasvið eða náttúrufræðisvið á íþróttfræðibraut auk búfræðisviðs á náttúrufræðibraut. Skólinn býður einnig upp á viðbótarnám til stúdentsprófs, framhaldsskólabraut og starfsbraut. Skólinn leggur mikla áherslu á verkefnavinnu og persónuleg við nemendur.

Námsmat í MB byggist fyrst og fremst á leiðsagnarmati en formleg annarpróf í lok anna eru ekki til staðar. Vinna nemenda er metin jafnóðum allan námstímann. Megintilgangur leiðsagnarmats er að gera nemendur meðvitaða um það sem þeir læra, hvernig þeir læra og hvað er ætlast til af þeim. Leiðsagnarmat byggist því á góðri endurgjöf frá kennurum sem nemendur geta nýtt sér til að verða meðvitaðir um eigin námsframvindu. Kennari veitir hverjum nemanda um sig almenna umsögn og

leiðbeiningar um gengi nemandans í áfanganum á svokölluðum vörðum, eða með öðrum sambærilegum hætti, án þess að einkunn fylgi með. Vörður eru þrisvar á önn.

Stjórnun

Töluverðar breytingar urðu á stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar. Ný stjórn tók við störfum eftir aðalfund sem haldin var í maí. Vilhjálmur Egilsson lét af stjórnarformennsku en hélt áfram sem stjórnarmaður. Aðrar breytingar urðu þannig að Sigríður Guðbjörg Bjarnadóttir og Inga Björk Bjarnadóttir hættu í stjórn MB. Sigursteinn Sigurðsson og Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir voru kosin áfram í stjórn og nýjir kosnir í stjórn voru þau Hrefna Bryndís Jónsdóttir sem stjórnarformaður og Helgi Haukur Hauksson. Í október var haldin auka aðalfundur og önnur stjórn kosin. Nýjir stjórnarmenn eru þau Inga Dóra Halldórsdóttir sem stjórnarformaður, Flosi Hrafn Sigurðsson og Helena Guttormsdóttir. Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Helgi Haukur Hauksson og Sigursteinn Sigurðsson sitja áfram en Vilhjálmur Egilsson og Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir hættu í stjórn. Skólanefnd Menntaskóla Borgarfjarðar skipa sömu einstaklingar og sitja í stjórn skólans en að auki sitja þar fulltrúi foreldra, Helga Sif Andrésdóttir, fulltrúi nemenda, Elís Dofri G. Gylfason, fulltrúi kennara, Elín Kristjánsdóttir og sitjandi skólameistari. Foreldraráð starfar við skólann og var kosin ný stjórn á haustdögum. Í dag skipa foreldráð þær Aðalheiður Jóhanna Hjartardóttir, Ásta Björk Björnsdóttir og Helga Sif Andrésdóttir. Stjórn nemendafélags skólans skipa frá hausti Elís Dofri G. Gylfason, formaður, Erla Ágústsdóttir, ritari, Gunnar Örn Ómarsson, gjaldkeri, Daniel Fannar Einarsson, skemmtanastjóri og Bjartur Daði Einarsson, meðstjórnandi. Skólaráð skipa auk skólameistara og aðstoðarskólameistara, Elís Dofri G. Gylfason nemandi, Bjarni Þór Traustason kennari og Elín Kristjánsdóttir kennari.

Rekstur og fjármál

Tekjur skólans á árinu 2019 stóðu undir rekstri og er rekstur skólans í mjög góðu jafnvægi. Vísað er hér í ársreikning 2019. Aðstaða til náms og kennslu er mjög góð.

Borgarnesi 3. apríl 2020



SKÓLAMEISTARI

Bragi Þór Svavarsson